



## Fundargerð 11. september 2017

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalístaflökks Íslands, haldinn 11. september 2017 í húsakynnum Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru úr stjórn Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Sigurður H. Einarsson. Ásta Dís Guðjónsdóttir var forfölluð. Einnig tók þátt í fundinum Katrín Baldursdóttir.

Fundargerð ritaði Viðar Þorsteinsson.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1 · Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir síðustu tveggja funda, 28. ágúst og 4. september, voru samþykktar.

### 2 · Málefnavinnan

Fyrir liggur að lota 3 í málefnastarfinu fer fram í Laufásborg, klukkan 10:00 laugardaginn 16. september. Greint var frá því að góður andi sé meðal hópstjóra og innan hópanna.

Þá var haldið áfram umræðu um stofnun nýrra málefnaþópa. Lagt var fyrir fundinn að þeir hópar yrðu menntamál, ný verkalýðshreyfing, umhverfismál og sameiginleg gæði, og frelsi og jöfnuður.

Rætt var um nokkur málefni sem hér verða útundan, sér í lagi atvinnumál. Rætt var um hvaða hliðum á þeim málaflokki flokkurinn gæti velt upp í málefnastarfi, t.d. fjölbreytilegu rekstrarformi fyrirtækja, samvinnufélögum og atvinnulýðræði sem og þælingum um samspil markaðar og sósíalisma. Landbúnaðar- og byggðamál voru einnig rædd í þessu samhengi.

Þá var nefnt hvort hagur væri í því að málefnið hefðu tengsl við sveitarstjórnarmálin, í ljósi sveitastjórnarkosninga á komandi vori. Á sömu nótum var rætt um kjarabaráttu vetrarins, m.a. hjá kennurum.

Rætt var um merkingu málaflokksins „frelsi og jöfnuður,“ hvort það gæti fangað hið sanna frelsi sósíalismsans og endurheimt orðið frelsi.

Endanlegur fjöldi og heiti nýrra málefnaþópar var ekki ákveðinn að sinni.

### 3 · Fundur fólksins

Laufey Ólafsdóttir sagði frá dagskrá Sósíalístaflokks Íslands á Fundi fólksins. Mæting var sámileg á fyrirlestur Guðmundar Ævars Oddssonar sem flokkurinn bauð til á laugardagsmorgninum, og eitthvað var um fólk sem kynnti sér stefnu flokksins og ræddi við fulltrúa hans á kynningarborði.

Fram kom gagnrýni á að skipuleggjendur hefðu lítið gert til að auðvelda fólk að sækja fundinn, til dæmis í gegnum rútufurðir, og að staðsetningin hefði ekki verið mjög alþýðleg. Ekki var hægt að bjóða veitingar í Hofi nema fara í gegnum dýra veitingasölu. Þetta var annar bragur en á Fundi fólksins í fyrra, sem var í Vatnsmýrinni hjá Norræna húsinu og dagskrá fór fram í tjöldum.

### 4 · Sósíalístaþing

Rætt var um væntanlegt Sósíalístaþing. Sátt var um að stuðla að því að þingið yrði kraftmikið og skemmtilegt, en ekki lagt undir langar fundarsetur og smíði ályktana.

Rætt var um dagsetninguna 28.-29. október og fékk hún meðbyr en bíður staðfestingar.

Í sambandi við væntingar til Sósíalístaþings var rætt um möguleikann á því að flokkurinn byði fram til sveitastjórna í vor og spunnust gagnlegar umræður og kosti og galla þess.

Fundi var slitið um klukkan 22:00